**Nd. 499. Rökstudd dagskrá**

samþykt í Nd. 16. ágúst.

Flutningsmaður: Benedikt Sveinsson.

(Frv. til laga um breytingu á lögum nr. 54, 30. júlí 1909, og viðauka við þau á þgskj. 400).

Með því að mál þetta er ekki svo rækilega undirbúið, að því verði ráðið til heppilegra lykta að þessu sinni, og í því trausti, að landsstjórnin endurskoði lögin nr. 54, 30. júlí 1909, í samráði við stjórn Samábyrgðarinnar, og leggi fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga um breytingar á þeim, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.